

á stefnda að leggja fram félagatal Þróttar eða kjörskrá félagsins, ef hann véfengdi, að þeir, sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu héraðssáttasemjara 6. og 7. þ. m., væru löglegir félagar í verkamannafélaginu Þrótti. Jafnframt beindi dómurinn þeim tilmælu til umboðsmanns stefnda, að hann hlutaðizt til um, að lagt yrði fram í málinu framangreint félagatal eða kjörskrá. Þessi tilmæli ítrekaði umboðsmaður stefnanda og dómurinn í þinghaldi árdegis 23. þ. m. Telja verður, að stefnda hafi gefizt nægur tími til þess að leggja fram félagatal sitt eða kjörskrá. Verður frekari frestur því ekki veittur í þessu skyni. Stefndi hefur ekki gert næga grein fyrir því, hvaða annarra gagna hann hyggst að afla, og verða honum því ekki veittir frekari frestir til gagnaöflunar, enda hlutast dómurinn sjálfur til um endurritun þeirra skjala, er umboðsmaður stefnda lagði fram í dag.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur er ekki veittur.

Mánudaginn 15. desember 1947.

Nr. 3/1946. Vélstjórafélag Íslands (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
 gegn

Skipaútgærd ríkisins (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi um rétt vélstjóra til kaupuppbótar, ef vélstjórar eru færri á skipi en lögmaelt er.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 20. sept. f. á. af Vélstjórafélagi Íslands gegn Skipaútgærd ríkisins.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 9. nóvember 1945 fór varðskipið Ægir til Kaupmannahafnar til viðgerðar. Kom skipið þangað 17. sama mánaðar. Var það til viðgerðar þar næstu mánuði. Frá Kaupmannahöfn fór það 18. apríl 1946 og kom til Reykjavíkur 24. s. m. Er skipið sigldi frá Reykjavík 9. nóv. 1945, voru ekki nema 3 vélstjórar á því, en miðað við vélarstærð þess áttu þeir, samkvæmt þágildandi lögum og samningum vélstjórafélagsins við stefnda, að vera fjórir.

Í 4. mgr. 4. gr. kjarasamnings þess, dags. 21. des. 1945, sem

í gildi var milli málsaðilja meðan skipið var í viðgerð, einnig á tímabilinu frá 9. nóv. til 21. des. 1945 að því er Ægir varðaði, sbr. 11. gr. sammingsins, segir svo:

„Komi það fyrir af einhverjum óviðráðanlegum ástæðum, að á skipi séu færri vélstjórar eða vélaraðstoðarmenn, en ákveðið er í lögum um vélgæzlu á íslenskum skipum frá 23. júní 1936 og í 5. gr. sammings þessa, eða að aðstoðarmenn eru skráðir sem vélstjórar, þá skal hið fasta mánaðarkaup, sem sparast við þetta, skiptast á milli vélstjóranna eftir mati 1. vélstjóra. Ekki má þó, hvernig sem á stendur, stöðva skipið, þótt ekki sé hægt að fá 4. vélstjóra eða aðstoðarmann.“

Með skírskotun til þessa sammingsákvæðis töldu vélstjórar þeir, er með skipinu fóru umrædda för og dvöldu við það allan tímann meðan viðgerð fór fram, að þeir ættu að fá í sinn hlut hið fasta mánaðarkaup 4. vélstjóra. Þessu neitaði stefndi. Taldi hann vélstjórana aðeins eiga rétt til kaups 4. vélstjóra meðan á ferð skips stóð milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar og heim aftur. Er samkomulag náðist ekki höfðaði stefnandi mál þetta, og eru dómkröfur hans þær, að viðurkennt verði, að hið fasta mánaðarkaup 4. vélstjóra á v/s Ægi, eigi á tímabilinu frá 9. nóv. 1945 til 24. apríl 1946, er skipið var á ferð milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar og í viðgerð þar, að skiptast milli hinna vélstjóranna þriggja, er þá voru á Ægi. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að nefnd ákvæði 4. mgr. 4. gr. kjarasammings málsaðilja, sem staðið hafi í samningum vélstjórafélagsins við skipafélögin árum saman, hafi alla tíð verið framkvæmd og skilin svo, bæði af stefnda og öðrum skipafélögum hér, að vélstjórum hvers skips væri, ef færri voru á skipi en lögmælt er og samið var um, greitt hið fasta kaup hins vantandi vélstjóra, og það jafnt, hvort heldur skipið væri í siglingum eða í höfn, til dvalar eða viðgerðar um skamman eða langan tíma. Telur hann, að samkvæmt orðalagi nefndrar málsgreinar sé ljóst, að vélstjórnarnir þrír á Ægi hafi nefnt tímabil átt rétt til kaups 4. vélstjóra, fyrst þeir hafi allan tímann verið lögskráðir á skipið. Ákvæði greinarinnar eigi jafnt við um það, þó skipi sé lagt upp, meðan einhverjir vélstjórar séu á það skráðir. Kveður stefnandi það ekki eiga að hafa áhrif á rétt vélstjóranna til kaups, þó viðgerð v/s Ægis

tæki þetta langan tíma í umrætt skipti. Þeir hafi allan tímann, meðan hún stóð yfir, unnið að eftirliti og ýmsum störfum vegna vélarinnar, en meginþáttur viðgerðarinnar var viðgerð á henni. Störf þeirra hafi því sízt orðið minni, þó skipið lægi í höfn, heldur en þó það hefði verið í siglingum.

Stefndi hefur viðurkennt, að vélstjórnarnir á Ægi umræddan tíma hafi átt rétt á að fá til skipta sín á milli hið fasta kaup 4. vélstjóra, meðan ferð skipsins stóð yfir, þ. e. 9.—17. nóv. 1945 og 18.—24. apríl 1946, þar sem skipið hefði þá verið á siglingu. Hins vegar hefur hann algerlega neitað rétti þeirra til kaups 4. vélstjóra þann tíma, sem viðgerð stóð yfir. Telur hann, að 4. mgr. 4. gr. frammanefnds samnings nái aðeins til þeirra tilvika, að lögskýlt sé að hafa vissa tölu vélstjóra á skipum, en hún sé því aðeins lögbundin, að skipið sé í siglingum. Ef skipi sé hins vegar, eins og hér hafi staðið á, lagt upp til viðgerðar, sé útgerðinni frjálst, hversu marga vélstjóra hún hafi og henni þá jafnframt óskýlt að skipta kaupi vantandi vélstjóra milli þeirra, sem þá kunni að vera við skipið. Jafnframt kveður hann það hafa verið samkomulag milli sín og vélstjórnanna, þegar Ægir fór umrædda för, að vélstjórum skyldi fækkast, og fækkunin því ekki stafað af óviðráðanlegum orsökum. Þá mótmælir hann því, að það sé venja, að vélstjórar fái kaup vantandi vélstjóra, þegar skip séu til viðgerðar, og sé hann ekki bundinn neinni venju um slíkt.

Með því að ágreiningslaust var við munnlegan flutning málsins, að þeir þrír vélstjórar, sem voru á Ægi umrædda för, ættu rétt til kaups 4. vélstjóra daga þá, sem skipið var á ferð til og frá Kaupmannahöfn, að komu og burtfarardögum meðtöldum, þer að viðurkenna rétt vélstjórnanna þriggja til kaups 4. vélstjóra þá daga alla.

Ekki verður talið, að skytt sé samkvæmt lögum nr. 104 frá 23. júní 1936, eða síðari lögum um vélgæzlu á íslenskum skipum, að hafa tiltekna lágmarkstölu vélstjóra á skipi, sem ekki er í siglingu, en hefur verið lagt upp eða tekið í þurrkvi til viðgerðar. Skylda stefnda til slíks verður ekki heldur grundvölluð á orðalagi 4. mgr. 4. gr. nefnds kjarasamnings frá 21. des. 1945. Af þessu leiðir, að réttur þeirra þriggja vélstjóra, sem fóru með Ægi umrædda för, til kaups hins vantandi vélstjóra, verður ekki reistur á orðalagi nefnds samningsákvæðis.

Af gögnum málsins verður ekki talið sannað, að það sé viðtekin venja, að vélstjórar þeir, sem á skipi eru, er svo stendur

á, að vélstjóra er þar vant samkvæmt lögum réttum og samningum, fái kaup hins vantandi vélstjóra, hvernig sem á stendur. Og í flutningi málsins hefur ekki verið bent á fordæmi hjá stefnda, sem sé fullkomlega hliðstætt því tilvik, er hér átti sér stað, er varðskipið fór gagnert til útlanda til viðgerðar, sem óvíst var, hversu lengi mundi standa yfir. En upp er komið í málinu, að vélstjórum var kunnugt um tilgang fararinnar og var um það talað af hálfu stefnda við 1. vélstjóra og samþykkt af honum, að vélstjórar yrðu aðeins þrjár í för þessari.

Verður því ekki talið, að réttur framangreindra vélstjóra til kaups 4. vélstjóra, meðan viðgerð Ægis stóð yfir, verði byggður á venju. Með skírskotun til framanritaðs verða úrslit málsins þau, að aðeins ber að taka til greina kröfur stefnanda að því er varðar framangreinda daga, er varðskipið Ægir var á ferð til og frá Kaupmannahöfn, en hins vegar ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda varðandi tímabilið 18. nóv. 1945 til 17. apríl 1946 að háðum dögum meðtöldum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Vélstjórar þeir, sem fóru með varðskipinu Ægi í ferð þess til Kaupmannahafnar 9.—17. nóv. 1945 og voru á því, á ferð þess til Reykjavíkur 18.—24. apríl 1946, ber réttur til kaups 4. vélstjóra á nefndu skipi framannefnda daga, að öllum meðtöldum.

Að öðru leyti skal stefndi, Skipaútgerð ríkisins, vera sýkn af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.